



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 482

Félag landeigenda í Selási

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 482

Félag landeigenda í Selási

Miðvikudaginn 26. apríl 1967 voru samankomnir hjá Brynjólfi Guðmundssyni, Selásbletti 22, eftirtaldir menn: Kolbeinn Steingrímsson, Kristján Sigurðsson, Magnús Magnússon, Friðþjófur Þorbergsson, Ester Árnadóttir, Brynjólfur Guðmundsson og Gísli Jónsson. Rætt var um skipulagsmál í Selásnum. Lesið var eftirrit af bréfi frá borgarstjóra til F.S.Á (Framfarafélag Seláss og Árbæjarbletta) um skipulagsmál dagsett 8. mars 1967. Samþykkt var að undirbúa almennan landeigendafund til að ræða málið nánar. Brynjólfi Guðmundssyni falið að hafa forystu í því máli.

Sunnudaginn 30. apríl 1967 komu saman að Selásbletti 22 eftirtaldir menn: Haukur Sigurjónsson, Kolbeinn Steingrímsson, Gísli Jónsson, Jón Jónsson og Brynjólfur Guðmundsson. Rætt var um hverjir væru landeigendur í Selási og samþykkt að halda almennan landeigendafund 7. maí 1967 í húsi F.S.Á um skipulagsmál. Fundarboð útbúið og undirritað af öllum viðstöddum.

Haldinn var fundur 7. maí og síðan stofnfundur Félags landeigenda í Selási þann 26. maí 1967.

(Heimild: Fundargerðabók Félags landeigenda í Selási, 26. apríl 1967 til 6. júní 1974).

1. gr.

Félagið heitir, Félag landeigenda í Selási, skammstafað F.L.Í.S.

2. gr.

Félagssvæðið er sá hluti af Selásnum, sem nú þegar er fyrirhugað að skipuleggja.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna í sambandi við væntanlegt skipulag og byggingaframkvæmdir í Selási.

4. gr.

Félagsmenn geta allir þeir orðið, sem eiga lönd á félagssvæðinu.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, og þrír meðstjórnendur, kosnir sinn í hvoru lagi í þeirri röð, sem þeir voru taldir. Kjósa skal tvo varamenn í stjórn og tvo endurskoðendur. Kosning skal vera skrifleg nema um samhljóða uppástungu sé að ræða. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár í senn.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert, skal hann boðaður bréflaga með minnst tíu daga fyrirvara.

7. gr.

Ársgjald skal ákveða á stofnfundi, síðan á aðalfundi ár hvert. Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi við samþykki stofnfundar. Lögum þessum má breyta á aðalfundi eða öðrum félagsfundum, sem boðaðir eru á sama hátt og með sama fyrirvara og aðalfundir. Lagabreytinga skal getið í fundarboði. Til samþykktar lagabreytinga þarf 2/3 greiddra atkvæða.

(Heimild: Lög félags landeigenda í Selási).

Jóhannes Óli Garðarsson afhenti skjalasafnið 19. september 2012.

Tímabil: 1949-1981.

Innihald: Öll skjöl varðandi starf og rekstur félagsins á þessu tímabili.

Skjalaskrá

Bréfa- og málasafn

Askja 1

Bréfa- og málasafn, 1967-1981.

Fundargerðabók. Gerðabók fyrir félagsfundi og aðalfundi frá stofnun félagsins, 26. apríl 1967 til 6. júní 1974. Fremst í bókinni er gert grein fyrir stofnun félagsins.

Fundargerðabók. Félags- og aðalfundir, 7. maí 1967 til 11. apríl 1981.

Fundargerðabók. Félags- og aðalfundir, 19. október 1974 til 11. maí líklega 1980.

Fundargerðabók. Stjórnarfundir, 21. júní 1967 til 15. maí 1973.

Fundargerðabók. Stjórnarfundir, 21. maí 1973 til 21. febrúar 1974.

Askja 2

Bréfa- og málasafn 1949-1981.

Fundargerðabók. Stjórnarfundir, 25. mars 1974 til 10. júní 1976.

Fundargerðabók. Stjórnarfundir, 24. júní 1976 til 9. apríl 1981.

Dagbók, með minnismiðum, 1976.

Örk 1

Afsal. Helga Nikulásdóttir selur Einari Eyjólfssyni Réttarholt við Reykjavík, 15. júní 1949, ljósrit.

Bréf, fundarboð, lög félagsins, drög að skiptingu landa í lóðir, skýrslur, listar yfir landeigendur og eignarhluta, beiðnir um skipulagningu svæðis, afsal, vatnsveituframkvæmdir, o.fl., 1967-1971.

Örk 2

Bréf, fundarboð, dagskrár, skýrslur, tillögur, greinargerðir, umboð, skipulagsmál, listi yfir eigendur, uppskipting landsréttinda, pöntun á talsíma, beiði um félagsaðild, yfirlýsingar, götumerkingar, veðbókarvottorð, ársskýrsla 1973, fréttabréf, reikningar o.fl., 1972-1974. Samningur milli Reykjavíkurborgar og Félags landeigenda í Selási, 4. apríl 1974, afrit.

Askja 3

Bréfa- og málafn 1975-1977.

Örk 1

Bréf, fundarboð, dagskrár, skýrslur, tillögur, greinargerðir, umboð, skipulagning byggðar, nafnalisti, uppskipting byggingalóða og landverðmæta til félagsmanna o.fl., 1975.

Örk 2

Bréf, fundarboð, dagskrár, skýrslur, greinargerðir, tillögur, veðbókarvottorð og afsöl, fastráðning starfsmanns, fréttabréf, rekstraráætlun o.fl., 1976.

Örk 3

Skipting eignarlanda í lóðir, götur og opin svæði, líklega 1976.

Örk 4

Bréf, fundarboð, dagskrár, gatnagerðargjöld- tilboð og sundurliðun þeirra, 1977. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík. Selás raðhús, skipulagning svæðis, 1977, hefti.

Askja 4

Bréfa- og málafn 1978.

Skýrsla stjórnar, yfirlýsingar frá landeigendum, skipulag verslunarlóðar við Selásbraut og þinglýsingarheimildir.

Askja 5

Bréfa- og málafn, bókhald, 1967-1981.

Örk 1

Bréf, fundarboð og dagskrár, skýrslur, tillögur, skipulagsmál, listi yfir landeigendur, þinglýsingarheimild, endurrit úr gerðardómi, reikningar, yfirlýsingar, afsal, uppgjör o.fl., 1979-1981.

Bókhaldsbók, félagsgjöld, 1967-1976.

Ársreikningur, 31. desember 1975.

Ársreikningur, 31. desember 1976.

Ársreikningur, 31. desember 1977.

Ársreikningur, 31. desember 1978.

Ársreikningur, 31. desember 1979.

Ársreikningur, 31. desember 1980.

Rekstrar- og efnahagsreikningur og listi yfir landeigendur 1. janúar til 7. apríl 1981.

Örk 2

Fylgiskjöl frá 1. janúar til 31. desember 1973.

Örk 3

Fylgiskjöl frá 1. janúar til 31. desember 1974.

Askja 6

Bókhald 1976.

Bókhaldsbók (stór). Sjóðbók, sjá fylgiskjöl frá 1976.

Askja 7

Bókhald 1968-1977.

Fylgiskjöl.

Askja 8

Bókhald 1978-1981.

Fylgiskjöl.